

SAMÞYKKT

um hreinsun rotþróa á Norður–Héraði.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Norður–Hérað annast hreinsun rotþróa (þ.e. tæmingu og förgun seyru) frá íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum, stofnunum, og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfseminni. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verksins. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

2. gr.

Hreinsun rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins og skal hún sjá um samskipti við þá aðila sem að því koma s.s. vegna frágangs og förgunar eða nýtingar á seyru í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana á Norður–Héraði er skylt að leiða fráveitur frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.

4. gr.

Rotþrær skulu tæmdar að jafnaði annað hvert ár.

II. KAFLI

Gjald vegna hreinsunar rotþróa.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1988 með síðari breytingum að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá gjaldtöku þegar um er að ræða ellilífeyrisþega. Um slíkt skal sótt til sveitarstjórnar sem fjallar sérstaklega um hvert mál fyrir sig.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna tæmingar rotþróa skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við skrifstofu sveitarfélagsins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Með broti á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Samþykkt þessi sem er samin af heilbrigðisnefnd og samþykkt af sveitarstjórn Norður-Héraðs samkvæmt ákvæðum 25. greinar laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. október 2003.

F. h. r
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.